



Alþýðusamband Íslands

Nefndarsvið Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
101 Reykjavík

1. júní 2022

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) fagnar þessari þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda og telur brýnt að hún fái skýran pólitískan stuðning og að henni sé tryggt það fjármagn sem til þarf svo að henni verði framfylgt sem skyldi.

ASÍ styður aðgerðir framkvæmdaáætlunarinnar en gerir eftirfarandi athugasemdir um einstaka aðgerðir:

## 1. Samfélagið

### 1.1. Mótun stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og fjölmenningar.

Langtímastefna í ofangreindum málefnum er löngu tímabær. Fólk flytur til Íslands af ýmsum ástæðum, flest á grundvelli frjáls flæðis launafólks frá ríkjum ESB en ekki má gleyma að hingað kemur einnig fólk af öðrum ástæðum, á öðrum forsendum og frá öðrum heimshlutum. Fólk kemur til Íslands til að mennta sig, vegna fjölskyldutengsla eða eru einstaklingar á flótta, svo eitthvað sé nefnt. Flest fólk kemur hingað til að vinna, ýmist til skamms eða langs tíma en rannsóknir sýna að fólk ílengist oft og tíðum og því ber að líta á innflytjendur sem fullgilda íbúa landsins. Þó ber að hafa í huga að kjarninn í frjálsu flæði fólks í Evrópu er hreyfanleiki og fólk mun áfram koma og fara í takti við efnahagssveiflur.

ASÍ gerir athugasemd við að orðið aðlögun sé notað í þessari framkvæmdaáætlun og hvetjum til að hugmyndafræði inngildingar (e. *inclusive integration*) sé höfð að leiðarljósi. Líkt og fram kemur í grein Sabine Leskopf borgarfulltrúa um muninn milli aðlögunar og inngildingar<sup>1</sup> má skilgreina aðlögun sem tilraun til að breyta því sem er öðruvísi í það sem fyrir er. Inngilding snýst hins vegar um að einstaklingar fái að njóta sín til fulls og að samfélagið sé þannig uppbyggt að það geri fólki það kleift.

### 1.2. Ráðgjafarstofa fyrir innflytjendur

ASÍ hefur fylgst með og stutt við starfsemi Ráðgjafarstofu frá upphafi. Reynslan af þessu tímabundna þjónustuúrræði hefur sýnt að slíkt úrræði er nauðsynlegt og löngu tímabært. ASÍ hvetur til að úrræðið verði eft enn frekar og því tryggt starfsgrundvöllur til framtíðar. Aðgengi að upplýsingum og þjónustu á mörgum tungumálum er meginforsenda jafnréttis í fjölbreyttu samfélagi. Nauðsynlegt er að tryggja gott aðgengi að þjónustunni, bæði á staðnum og rafrænt.

### 1.7. Samfélagstúlkun

ASÍ hvetur til þess að málefni samfélagstúlkunar séu tekin fastari tókum. Góð og fagleg túlkun er forsenda aðgengis að samfélaginu. Ljóst er að fólksflutningar til landsins eru komnir til að vera og munu síst minnka á komandi árum. Tryggja þarf góða umgjörð fyrir starfandi túlka sem skapar grundvöll fyrir öflugri starfsstétt túlka. Til þess þarf að tryggja viðeigandi kaup og kjör. ASÍ gerir athugasemd við að ekki sé tryggt fjármagn í málaflokkinn í fyrirbyggjandi

<sup>1</sup> [https://kjarninn.is/skodun/adlogun-er-buin-ad-vera-og-heyrir-sogunni-til/?fbclid=IwAR2AvwwtFQFsS4o2\\_bhzQmWchDT7nSscPpjl\\_jktxbwXUetjFR-kr7DjbJE](https://kjarninn.is/skodun/adlogun-er-buin-ad-vera-og-heyrir-sogunni-til/?fbclid=IwAR2AvwwtFQFsS4o2_bhzQmWchDT7nSscPpjl_jktxbwXUetjFR-kr7DjbJE)



## Alþýðusamband Íslands

framkvæmdaáætlun og kallar eftir því að opinberar stofnanir eyrnamerki sérstaklega fjármagn í túlkun og þýðingar.

### Fjölskyldan

#### 2.4. Innflytjendur á húsnæðismarkaði

ASÍ bendir á að innflytjendur eru sérstaklega berskjaldaðir á húsnæðismarkaði þar sem þau búa síður við bakland hér á landi, hafa síður aðgang að húsnæðislánum, vinna oftár lágláunastörf og mæta frekar fordómum á leigumarkaði. Innflytjendur eru líklegri til að búa í húsnæði á vegum atvinnurekanda og eiga þannig bæði atvinnu og húsnæði undir sama aðilanum. Líkt og kortlagning á búsetu í atvinnuhúsnæði (*HomeSafety*)<sup>2</sup> sýndi fyrir á árinu eru innflytjendur í miklum meirihluta íbúa í atvinnuhúsnæði. Innflytjendur í atvinnuhúsnæði eru langoftast leigjendur á meðan Íslendingar eru líklegri til að búa í eigin atvinnuhúsnæði. Óöryggi á leigumarkaði birtist í háu leiguverði, ófyrirsjáanlegum leiguhækkunum og tímabundnum leigusamningum. Til viðbótar því að koma upplýsingum til innflytjenda um rétt sinn er einnig löngu tímabært að setja á leigubremsu sem tryggir öryggi og stöðugleika fyrir fólk á leigumarkaði, sérstaklega innflytjendur.

### Menntun

**ASÍ bendir á að í eftirfarandi aðgerðum undir 3. kafla getur ábyrgð verið hjá fleiri en einu ráðuneyti.**

#### 3.2. Mat á menntun

ASÍ styður þessa aðgerð en vill þó benda á að *Iðan – fræðslusetur og Rafmennt* ættu að vera meðal samstarfsaðila. Þá vill ASÍ undirstrika mikilvægi einstaklingsbundinnar náms- og starfsráðgjafar í þessu ferli.

#### 3.4. Íslenskunám fullorðinna innflytjenda og umsækjenda um alþjóðlega vernd

ASÍ bendir á að samstarfsaðilar í þessari aðgerð þurfa að vera fleiri, þ.á.m. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og símenntunarstöðvar.

#### 3.6. Raunfærnimat fyrir innflytjendur

ASÍ bendir á að símenntunarstöðvar eiga að vera meðal samstarfsaðila í þessari aðgerð.

#### 3.7. Rafrænt hæfnimiðað stöðumat í íslensku og stuðningsefni

ASÍ bendir á að símenntunarstöðvar eiga að vera meðal samstarfsaðila.

### Vinumarkaður

#### 4.3. Atvinnuleysi meðal innflytjenda

ASÍ fagnar áformum um hvatningar- og virkniúræði, sem og vinnumarkaðsaðgerðir fyrir fólk af erlendum uppruna og kallar eftir virku samstarfi og samráði um þau.

ASÍ kallar eftir því að haft verði samráð við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og símenntunarstöðvar um þróun námsleiða.

ASÍ varar jafnframt við því að samstarf við Ráðgjafarstofu fyrir innflytjendur verði til þess að Vinnumálastofnun dragi úr þjónustu sinni og upplýsingagjöf til innflytjenda.

<sup>2</sup> <https://homesafety.is/wp-content/uploads/2022/04/Skyrsla-Buseta-i-atvinnuhusnaedi.pdf>



## Alþýðusamband Íslands

ASÍ kallar eftir því að Vinnumálastofnun auki og efli þjónustu og upplýsingagjöf á fleiri tungumálum.

### 4.4. Vinnuvernd og réttindi á vinnumarkaði

ASÍ fagnar áformum um aukna upplýsingagjöf til innflytjenda um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. ASÍ bendir á að samfara fjölgun innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði, sem nú eru um fimmtungur launafólks á Íslandi, hefur verkalýðshreyfingin orðin vitni að og þurft að bregðast við sívaxandi brotastarfsemi á íslenskum vinnumarkaði. Stéttarfélögin fá til sín æ fleiri og alvarlegri mál en áður tengd launþjófnaði og kjarasamningsbrotum. Þetta kemur fram í skýrslu ASÍ frá 2019 og segir að brotin beinist að þeim sem þekkja síður réttindi sín, þar á meðal erlendu launafólki.

Ýmsar blikur eru á lofti á íslenskum vinnumarkaði um þessar mundir. Eftirspurn eftir starfsfólki er mikil, lágt atvinnuleysisstig og vísbendingar um mikla þenslu í hagkerfinu. Ákveðnir hópar á vinnumarkaði eru sérstaklega berskjaldaðir fyrir misneytingu og þar má sérstaklega nefna aðflutt starfsfólk, flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd. Því þarf að tryggja öflugt eftirlit aðila vinnumarkaðarins með kjörum launafólks á íslenskum vinnumarkaði.

ASÍ áréttar að ekki er búið að uppfylla loforð stjórnvalda sem gefin voru út í tengslum við undirritun Lífskjarasamninga (atriði 21-31), sem varða meðal annars viðurlög gegn launþjófnaði, aðgerðir gegn kennitölflakki, keðjuábyrgð, fastan samráðsvettvang yfirvalda og aðila vinnumarkaðarins og skipulegt samstarf stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um eftirlit á vinnumarkaði. Efnidir þessara loforða er forsenda fyrir heilbrigðum vinnumarkaði og að hægt sé að koma í veg fyrir misneytingu launafólks á Íslandi.

### 4.5. Endurskoðun laga um atvinnuréttindi útlandinga

ASÍ fagnar áformum um að fólk sem fær dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða sérstakra tengsla við landið fái óbundið atvinnuleyfi. Jafnframt vísast í ályktun miðstjórnar ASÍ frá mars á þessu ári<sup>3</sup> um skoðun á atvinnuréttindum umsækjenda um alþjóðlega vernd, þar sem segir:

Samhliða telur miðstjórn að fara þurfi fram skoðun á atvinnuréttindum umsækjenda um alþjóðlega vernd (hælisleitenda). Vísbendingar úr vinnustaðaeftirliti ASÍ benda til þess að raunveruleg atvinnuþátttaka í þessum hópi sé miklu meiri en opinberar tölur gefa til kynna. Mál sem koma inn á borð stéttarfélaganna benda til þess að þessi hópur sé sérstaklega berskjaldaður fyrir misbeitingu af hendi atvinnurekenda, sem í verstu tilvikunum jaðra við mansal.

ASÍ leggst ekki gegn einföldun á umsóknarferli aðfluttra sérfræðinga en bendir jafnframt á að hér býr þegar fjöldi innflytjenda með ónýtta sérfræðimenntun.

## Flóttafólk

### 5.3. Líðan og þátttaka flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd

ASÍ fagnar þessari aðgerð og vísar jafnframt í fyrri umsögn sambandsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2012, þar sem gerð er alvarleg athugasemd við skort á rannsóknum og gögnum um líðan og virkni flóttafólks og stöðu þeirra á vinnumarkaði. Þar segir jafnframt: „Traustar upplýsingar eru lykilatriði til að tryggja aðlögun flóttafólks og ýta undir fulla þátttöku á vinnumarkaði og í samfélaginu.“

### 5.7. Flóttafólk á vinnumarkaði

ASÍ fagnar þessum áformum sérstaklega og telur þau vera til mikilla bóta.

<sup>3</sup> <https://www.asi.is/frettir-og-utgafa/frettir/almennar-frettir/alyktun-midstjornar-asi-um-mottoku-flottafolks-og-leyfi-til-ad-vinna/>



Alþýðusamband Íslands

ASÍ vill hnykkja á því að við viljum veg þessarar framkvæmdaáætlunar sem mestan og lýsum okkur reiðubúið til nánara samstarfs eða frekari aðkomu.

Fyrir hönd Alþýðusambands Íslands

Virðingarfyllst,

Guðrún Margrét Guðmundsdóttir